

Minnisblað

Til: Skóla-, íþrótt- og tómstundanefndar
Frá: Dagnýju Finnbjörnsdóttur
Dags. 27. júní 2025
Mnr. 2025040047



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Tímaóskir aðildarféлага HSV í íþróttamannvirkjum Ísafjarðarbæjar fyrir veturinn 2025-2026.

Nýjar úthlutunarreglur um styrkveitingu og úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum Ísafjarðarbæjar til íþróttafélaga og almennings voru samþykktar í bæjarstjórn þann 5. júní sl. Í reglunum segir að umsóknir vegna vetrarúthlutunar skulu berast í síðasta lagi 1. júní ár hvert. Reglurnar voru ekki afgreiddar úr bæjarstjórn fyrir þann tíma og var því gefinn frestur til 25. júní 2025.

Tímaóskir raðast hér eins og þær bárust, orðréttar og með þeim athugasemdum og tillögum sem fylgdu.

Glímudeild Harðar (póstur barst 11. júní 2025):

Væri mögulegt að við héldum sömu glímútímum í vetur og áður? Þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga kl. 18:00–20:00 og svo sunnudaga kl. 10:00–14:00.

Bestu kveðjur,
Alexander Z

Íþróttafélagið Kubbi (póstur barst 12. júní 2025):

Kubbi íþróttafélag eldri borgara Ísafjarðarbæ óskar eftir eftirfarandi tímum í Íþróttahúsinu Torfnesi næstkomandi vetrartíma (október 1925 - maí 1926):
Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 11:50 - 13:50.
Sundhöllin Ísafirði v/sundleikfimi; þriðjudaga og fimmtudaga kl. 10:00 - 11:00. Ef fimmtudagar eru ekki lausir eins og s.l. vetur óskum við eftir föstudegi.
F.h. Kubba, Finnur Magnússon.

Körfuknattleiksdeild Vestra (póstur barst 16. júní 2025):

Hi Dagný,
Here below is our application for training times for next winter divided by category.

Krílakarfa x 1 practice
1.-2 fl kvk x 2 practices (one mid week and one on Saturday morning)
1.-2 fl kk x 2 practices (one midweek and one on Saturday morning)
3.-4 fl kvk x 3 practices
3.-4 fl kk x 3 practices
5 fl kvk x 4 practices

5 fl kk x 4 practices
8 fl kk x 5 practices
10 fl kvk x 5 practices
10 fl kk x 5 practices
12 fl kk x 5 practices
Mfl kvk x 5 practices full court
Mfl kk x 5 practices full court
Special Olympics basketball x 1 practice after kl 16 midweek.

Please let me know if you need more information from us or if anything needs to be done on our side.

Thanks a million in advance.

Með góðri kveðju,
Allyson Caggio - KKD Vestra

Íþróttafélagið Ívar (póstur barst 19. júní 2025):

Sæl Dagný
Íþróttafélagið Ívar vill halda sínum tímum í íþróttahúsinu á Torfnesi næsta vetur, miðvikudagar og föstudagar frá 16-17 og 2/3 af salnum.
Kv. Jóna Björg

Íþróttafélagið Stefnir (póstur barst 24. júní 2025):

Sæl Dagný

Við í Stefni óskum eftir sama tímafjölda og við vorum með sl. vetur í íþróttahúsinu á Suðureyri.

Blak yngri flokkur: þriðjudaga og fimmtudaga kl. 14.30 - 15:30 Fjöldi: 10 - 12 krakkar
Fjölskyldutími: laugardaga og sunnudaga frá 11:00 - 13:00 Fjöldi: breytilegt.

Kveðja,
Svava Rán

Blakdeild Vestra (póstur barst 24. júní 2025):

Góðann dag.

Hér koma tímaóskir blakdeildar Vestra fyrir veturinn 2025-26.

Á komandi vetri mun blakdeildin halda úti æfingum fyrir iðkendur á aldrinum frá 12 ára og uppúr...

Þrjú lið eru skráð frá okkur á Íslandsmótinu í blaki í meistaraflokki. Tvö karlalið, í Úrvalsdeild og í 2. deild. Og eitt kvennalið í 3. deild. Því miður náðum við ekki að halda í

stúlknaþópin sem sigraði 1. deild kvenna síðasta vetur. En þar sem það lið hafði mjög lítinn æfingatíma í Torfnesi, hefur brottfall þeirra lítil áhrif á tímaþörf okkar í því húsi.

Það sem einkennir iðkendur blakdeildar einna helst er hvað stór hluti þeirra er búsettur á Suðureyri, því er það mjög mikilvægt fyrir okkur að tímar fyrir yngri flokkana, geti verið á þeim tíma sem þeir iðkendur ná að nýta almenningssamgöngur á milli Suðureyrar og Ísafjarðar. Því nýtast okkur mánudagstímarnir frá 15:50 til 17:50 mjög vel en tímar sem okkur var úthlutað kl 14:50 til 15:50 á miðvikudögum nýttist hinsvegar afar ílla ! Og af þessari sömu ástæðu nýtast tímar í Bolungarvík fyrir yngriflokka ílla eða alls ekki.

Húsið í Bolungarvík nýttist hinsvegar ágætlega fyrir úrvalsdeildarliðið. Engu að síður er nauðsynlegt fyrir það lið að ná amk einum degi í viku á heilum keppnisvelli í Torfnesi.

Svona leit æfingartaflan hjá okkur út sl vetur.

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
U16 kvk	15.50-16.50 Torfnes		15.50-16.50 Torfnes	16.15-17.15 Suðureyri		
U16-B team	16.50-17.50 Torfnes			16.50-17.50 Torfnes		
1. div kvk	20.00-20.45 GYM Bol 20.50-21.40 Bolungarvík	18.50-20.20 Torfnes	17.10 -17.55 GYM Sud 18.00-19.00 Suðureyri		16.30 -17.15 GYM 17.20-19.10 Bolungarvík	14.55-16.10 Torfnes
mfl. kk	19.00-19.55 GYM Bol 20.00-20.50 Bolungarvík	18.50-20.20 Torfnes	19.00-19.55 GYM Bol 20.00-21.40 Bolungarvík	20.00-21.40 Bolungarvík		13.40-14.55 Torfnes
4. div kvk		20.20-21.50 Torfnes		17.50-18.50 Torfnes		
Yngri - Sud		14.30-15.30 Suðureyri		14.30-15.30 Suðureyri		

Og í stuttu máli þurfum við ekki miklar breytingar á henni til að veturinn gagni upp. Villjum samt fá aftur miðvikudagstímana eins og mánudagstímana, milli kl 15:50 til 17:50, fyrir yngri flokkana.

Tilraunir til að nota tímana á mánudögum og miðvikudögum kl 14:50 til 15:50 fyrir byrjendur, voru einhvað komnar í gagn seinna hluta tímabils og kanski ekki útilokað að nota þá þannig. Ítrekum samt að þeir tímar nýtast alls ekki með sama hætti og hinir sem nefndir voru hér rétt fyrir ofan.

Bestu kveðjur

Stjórn Blakdeildar Vestra.

Knattspyrnudeild Vestra (póstur barst 24. júní 2025):

Óska eftir sömu tímaþörf og í fyrra, eldri flokkar æfa úti gegn því að æfingarvöllurinn verði þjónustaður.

Handknattleiksdeild Harðar (póstur barst 25. júní 2025):

Sæl

Stráka flokkar

8fl - 1 æfing austurveg

7fl. - 2 æfingar

6fl - 3 æfingar

5fl - 3-4 æfingar

4fl - 4 æfingar

U - 3 æfingar

3fl - 3 æfingar

Mfl. - 6 æfingar

Kvenna flokkar

7 fl - 1 æfing

6 fl - 3 æfingar

5 fl - 3 æfingar

3/4 fl - 3 æfingar

mfl kvk - 4 æfingar

Síðasta vetur æfðu allar stelpur saman og einhverjar hættu vegna þessa þar sem þær treystu sér ekki í það. Það gengur ekki að það sé þannig og við getum aldrei látið kvenna flokka vaxa ef þær þurfa að æfa saman. 7 ára stelpur eiga ekkert erindi með 14 ára stelpum inná velli, þær eru tvöfalt stærri og sterkari.

Það er nauðsynlegt að fá fleiri æfingar eftir kl.16 fyrir 4fl u/3fl og mfl.

Svo þarf að passa að æfingar kl. 14 sé dreift á milli körfu - blak og handb. Við getum ekki tekið þær allar þar sem að skólarnir eru bara ekkert búnir á þessum tíma eins og seinasta vetur.

Ef svo fer að við þurfum að þússla saman eins og seinasta vetur (sem er varla hægt) þá erum við með tillögu.

Hugmynd sem Óskar hefur talað um og telur að sé nauðsynleg fyrir okkur er að það séu gerðir tveir vellir á hliðina í húsinu með venjulegum mörkum (Þyrftum 4 mörk sem eru ekki eins djúp og vanalega valsmörkin eru gott dæmi um þetta.

Með þessu væru tveir flokkar inni á sama tíma að æfa á handboltavelli með löglega breidd og sirka 30m á lengd (Svipað og Dalhús, Digranes, Safamýri ofl.)

Við teljum þetta geta hjálpað mikið.

Bestu kveðjur

Vigdís Halldórsdóttir

Vetraráætlun fyrir 2025-2026

Nú þegar óskir aðildarfélaga HSV liggur fyrir þarf að gera drög að æfingatöflum íþróttamannvirkjanna með hliðsjón af reglum um styrkveitingu og úthlutun tíma í íþróttamannvirkjum og íþróttasvæðum Ísafjarðarbæjar til íþróttafélaga og almennings. Drögin þarf svo að senda til aðildarafélaga HSV og verður þeim gefin ákveðinn frestur til að bregðast við þeim. Síðan verður málið tekið fyrir af skóla-, íþrótt- og tómstundanefnd að nýju og endanleg æfingatafla afgreidd.